

2. tölublað, 4. árgangur. Nóvember 2008

# FRÍMÚRARINN

Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



## Jóhannes 2008 í Hafnarfirði

Dröfn 25 ára  
Gimli í hálföld  
Freysteinn Gunnarsson  
Gleym-mér-ei

# Allt frá hattí oní skó



Hátíðavesti (5 hnappa)



Lakkskór (ný tegund)



Hattar



Kjölskyrtur



Snapsa-glös



Viski-glös



Koniaks-glös



Karaffla með 4 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara

Fylgihlutir - Fylgihlutir - Fylgihlutir



Ermahnappar



Brjósthnappar



Lindaklemma/bindisnæla



Smeygur



Múrskeld sem bréfahnifur



ADAM

Laugavegi 47 - Sími: 551 7575 & 552 9122



# Litið fram á veg og ögn til baka

## Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi  
Skúlagötu 53-55,  
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

## Ritstjóri

Steinar J. Lúdvíksson (X),  
stjl@simnet.is

## Ritstjórn

Gunnlaugur Claessen YAR (ábm.)  
Guðbrandur Magnússon (IX)  
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Jónas Gestsson (X)  
jonasgestsson@simnet.is

Páll Júlíusson (IX)  
pj@pj.is

Steingrímur S. Ólafsson (IX)  
denni@islandia.is

## Auglýsingar

Páll Júlíusson (IX)  
pj@pj.is

## Prófarkalestur

Bragi Bergmann (VI)  
bragi@fremri.is

## Netfang

Greinar sendist til  
frimur@centrum.is  
merktar: Frímúrarinn

## Prentun:

Prentmet Suðurlands, Selfossi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

## Forsíðumynd

Ljósatröð, frímúrarahúsið í Hafnarfirði  
(Ljósmynd: Bragi J. Ingibergsson)


„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið.

Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurpel þeirra á meðal.“

Síðastliðið vor kom út 6. tölublað Frímúrarans, en útgáfa blaðsins hófst 2005. Ritstjórnarpistil skrifaði fráfarandi oddviti Fræðaráðs og YAR, br. Einar Einarsson. Tímamótin urðu til þess að hann leit um öxl eftir að hafa verið ábyrgðarmaður og í ritstjórn blaðsins frá upphafi. Hann greindi einnig frá breytingum á ritstjórninni, sem fram til þess hafði verið óbreytt frá byrjun.

Br. Einar má vera vel sáttur við það hvernig ritstjóra og ritnefnd hefur tekist til enda hefur blaðið eflst jafnt og þétt. Í upphafi renndu menn blint í sjóinn með það hvernig gengi að afla efnis og hvaða viðtökur blaðið fengi. Hvort tveggja hefur gengið framfar vonum. Framboð á efni er það mikið að ekki er einfalt að halda blaðinu innan þess ramma, sem því var settur í upphafi, og ekki þarf að kvarta yfir viðtökum bræðra. Þá skiptir einnig máli að blaðið hefur stuðlað að því að bræður, sem vegna aldurs eða veikinda hafa ekki tök á að mæta á fundi, haldi tengslum við Regluna. Hinu sama gegnir um bræður, sem ekki hafa séð sér fært af öðrum ástæðum að sækja fundi um tíma.

Efni blaðsins hefur verið fjölbreytt og svo hlýtur að verða áfram. Gott blað getur enn batnað og áherslur í efnisvali hljóta að vera viðfangsefni, sem sætir sífellt endurskoðun. Ef breytingar eiga að verða fer best á því að þær gerist smám saman, nánast án þess að eftir verði tekið. Ég hef stundum saknað þess að sjá þar ekki meira efni tengt sögu Reglunnar, hvort heldur er hér á landi eða í öðrum löndum. Ekki hefur farið mikið fyrir slíku ef frá eru taldar greinar um br. Wolf-



Gunnlaugur Claessen.

gang. Áhugavert efni af þessum toga skortir þó ekki. Reglur frímúrarara í Danmörku, Noregi og Svíþjóð halda hver um sig úti blaði, sem ber sama heiti og okkar blað. Að vissu leyti eru þau í annarri stöðu, þar sem sums staðar eru gefin út eins konar landshlutablöð stúkna auk Frímúrarans, en slík blöð eru vettvangur fyrir það sem mætti kalla „nærfréttir“. Slík skipting

efnis á milli Frímúrarans og staðarblaða þykir koma vel út. Blaðaútgáfa hér er styttra komin, hvað sem verður, en á meðan hlýtur hvers konar efni tengt Reglunni að eiga aðgang að okkar blaði. Við eigum samstarf við ritstjórnir hinna blaðanna og þannig hafa nýlega fengist gagnkvæmar heimildir til að þýða og skipast á greinum og öðru efni, þar með töldum myndum. Sitthvað má sjá í öðrum blöðum, sem örugglega hefur almenna skírskotun til bræðra hér og án vafa munum við nýta þessa heimild fyrr en síðar. Það munu bræður á Norðurlöndum einnig gera varðandi efni sem hér er birt og hafa þegar fengið augastað á greinum, sem þeim þykja áhugaverðar.

Þessi orð má ekki skilja svo að ætlunin sé að þenja blaðið út og sprengja þann ramma sem því hefur verið settur. Þvert á móti. Ef meira efni verður sótt inn á þau svið, sem að framan var getið, hlýtur áhersla á eitthvað annað að minnka og ekki er sjálfgefið hvað það ætti að vera. Efni með breiðari skírskotun hlýtur að ganga framfar í sífelldri endurskoðun á efnisvali, að minnsta kosti svo lengi sem meira framboð er á efni en rúm er fyrir með góðu móti.

Gunnlaugur Claessen

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson  
frankvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfararstjóri



Frimann Andrésson  
útfararþjónusta



Svafar Magnússon  
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

*Þegar andlát  
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti  
útfararinnar*



ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlöð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



Hjá Úlfari

**Eru hvala vinir**

Loftræstikerfi



Kerrusmíði



Ál og Stálsmíði



Öll almenn blikksmíðavinna

**BLIKKSMÍÐJAN  
BORG ehf.**

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbæ  
Sími: 587 6040 • Fax: 587 6045  
Frankvæmdastjóri: Sigurður B Hansen



*Frá setningu Jóhannesar 2008. Eins og sjá má var ráðstefnan vel sótt.*

# Jóhannes 2008 í Hafnarfirði

Ráðstefnan „Jóhannes 2008“ var haldin í Frímúrarahúsinu í Hafnarfirði 26. okt. sl. Ráðstefnan var sameiginlegt verkefni Fræðslunefndar Frímúrarareglunnar og St. Jóh. stúknanna Hamars, Akurs, Sindra, Röðuls, Njarðar og fræðslustúknanna Hlés og Borgar.

Svipaðar ráðstefnur voru haldnar í Reykjavík 2005 og á Akureyri 2006.

Ráðstefna var tvískipt, fyrri hlutinn var sameiginlegur en síðari hlutinn var stigbundinn.

Sameiginlegi hlutinn hófst með því að Gunnlaugur Claessen YAR setti ráðstefnuna, því næst flutti SMR

Valur Valsson ávarp. Þá fluttu þeir Már Sveinbjörnsson, Karl Alfreðsson og Halldór Vilhjálmsson erindi. Að þeim loknum fóru fram almennar umræður og var þeim stjórnað af Ólafi Hauki Johnson.

Í kaffihléi flutti Karl Kristensen gamanmál.

Að loknu kaffihléi skiptust bræður svo í þrjá hópa í stigbundna hluta fundarins, þar fluttu erindi Jóhannes Harry Einarsson, Stefán Skjaldarson, sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson, Kári J. Húnfjörð, sr. Kristján Björnsson og Pálmar Ólason. Í hverjum hóp fóru fram umræður sem

stýrt var af þeim Erni Grétarssyni, Jóhanni Ó. Ársælssyni og Róberti Jörgensyni.

Ráðstefnustjóri var Jónas Gestsson.

Um 180 bræður sóttu „Jóhannes 2008“ þar sem þeir kynntu sér hin ólíku málefni, hugmyndir og túlkanir á margvíslegu frímúrarafni.

Öll erindi sem flutt voru verða prentuð og afhent á bókasafn Reglunnar.

Pakka ber þeim bræðrum sem fluttu erindi svo og Hamars- og Njarðarbræðrum fyrir góðar mót-tökur.

# Svipmyndir frá Jóhannesi 2008 ...



Íslenskt handverk  
efnismiklir og vandaðir hringar  
smíðaðir af Ívari Björnssyni,

*láttu sjá þig  
við tókum vel á móti þér!*

Áttundu gráðu hringur



Frímúrarahringurinn



hver hringur  
er númeraður  
og skráður

bjóðum alla gull og silfursmiði,  
sérsmíði, leturgröft  
og viðgerðir.

**Gull & Demantar**  
ÍVAR BJÖRNSSON  
GULLSMÍÐUR OG LETURGRAFARI  
skólavörðustíg 2 - sími 562 2222 & 551 1290 - fax 562 2282

# Fræðslustúkan Dröfn á Siglufirði 25 ára

Þann 20. september sl. var haldinn hátíðarfundur í Fræðslustúkunni Dröfn í tilefni af 25 ára afmæli stúkunnar. Auk hátíðarfundar bræðranna og bróðurmáltíðar var sérstök dagsskrá fyrir systurnar þar sem boðið var upp á skoðunarferð um söfn og stofnanir bæjarins og málsverð að skoðunarferð lokinni.

Hátíðarfundurinn var vel sóttur og mættu margir góðir gestir. Hátíðar-ræðuna flutti br. sr. Bragi J. Ingibergsson, en hann var um tíma ræðumaður Drafnar er hann þjónaði við Siglufjarðarkirkju.

Í hátíðarræðu sinni rakt sr. Bragi aðdraganda að stofnun frímúrarastarfs í Siglufirði, en þar kom m.a. eftirfarandi fram:

Það ríkti mikil eftirvænting og tilhlökkun meðal bræðranna þann 19. nóvember árið 1983, á þeim stóra degi er fræðslustúka skyldi stofnuð og vígð hér í bænum. Bræðrafélagið átti jafnframt 10 ára afmæli við það tækifæri en frímúrarastarf í Siglufirði hófst með formlegum hætti þann 6. október árið 1973 með stofnun Bræðrafélags Frímúrarara. Og nú er við fögnum 35 ára formlegu frímúrarastarfi hér og 25 ára afmæli Drafnar getum við jafnframt minnst þess að nú eru 10 ár liðin frá því að þessi fallegi stúkusalur var vígður og tekinn í notkun.

Upphaf frímúrarastarfs hér í Siglufirði má rekja til þess að fáeinir Siglufirðingar voru vígðir frímúrarabræður í Rún á Akureyri og var sá trúlega fyrstur þeirra sem oft síðan hefur verið nefndur faðir frímúrarastarfs í Siglufirði, bróðir Þ. Ragnar Jónasson, en hann var fyrsti formaður bræðrafélagsins og einnig fyrsti Stjórnandi bróðir Drafnar. Í upphafi sóttu þeir bræður alla fundi sína inn á Akureyri og þurftu þeir því ekki eingöngu að leggja sig fram á frímúrabrautinni til að sækja fundi heldur einnig á hinum veraldlegu ferðalögum. Þá voru samgöngur fyrst og fremst sjóleiðis og flutti flóabaturinn Drangur bræðurna til mikilvægra starfa á Akureyri og gátu ferðirnar stundum tekið marga daga.

Allt frá þeim ferðum hafa Drafnar-



Frá bróðurmáltíð hátíðarfundarins.

bræður farið til móðurstúkunnar Rúnar á Akureyri til stigveitinga og þó að landleiðin hafi verið farin lengst af þá hafa þær ferðir oft verið mjög erfðar og stundum ævintýri líkastar.

Stofnfélagar bræðrafélagsins voru 13 og þegar fræðslustúkan var vígð voru bræðurnir 21 talsins. Þá þegar, við vígslu Drafnar, voru bræðurnir búnir að koma sér upp sínum eigin sal hér á neðri hæð þessa húss, en áður hafði bræðrafélagið fundað að Hótel Hvanneyri, í Borgarkaffi og í húsnæði KEA.

Að Grundargötu 11 hafði bræðrafélagið keypt neðri hæðina sem áður hýsti fatahreinsun og hófst í kjölfarið mikil vinna við að innrétta húsnæðið að þörfum frímúrarastarfsins sem hefja átti við stofnun fræðslustúkunnar. Bræðurnir lögðust allir á eitt og saman tókst þeim að skapa góða aðstöðu þar sem plássíð var nýtt til hins ýtrasta og eins og best var á kosið.

Dröfn keypti allt húsið árið 1995 og hófst þá strax miklar framkvæmdir innan dýra. Uppbyggingin tók ekki langan tíma og þegar hugsað er til þeirra ára og síðan til þessarar

glæsilegu umgjarðar frímúrarastarfsins hér í Siglufirði nú, þá er ekki hægt annað en að minnast á þann bróður sem átt hefur hvað stærstan hlut að máli í því uppbyggingarstarfi: Bróður Ólaf Matthíasson, formann húsnefndar, sem var vakinn og sofinn yfir framkvæmdum og leiddi störf allra þeirra bræðra sem að verki komu og lögðu sitt af mörkum.

Í tilefni afmælisins voru stúkunni færðar góðar gjafir og óskir. Meðal annars færði sr. Bragi J. Ingibergsson stúkunni frumteikningar af merki Drafnar sem hann hannaði. Þá færðu Drafnarbræður Ágústi Björnssyni Glitnisbróður smá gjöf sem virðing-arvott fyrir tryggð hans við Dröfn. Ágúst er fæddur og uppalinn í Siglufirði og hefur heimsótt Dröfn a.m.k. tvisvar á hverju starfsári, haust og vor mörg undanfarin ár.

Fræðslustúkan Dröfn býr nú við mjög góðan húsakost og góðar aðstæður til að rækja frímúrarastarf í Siglufirði. Virkir bræður eru yfir þrjátíu talsins og hefur fjölgað nokkuð á síðustu árum.

*Sigurður Hlöðvesson*



Meðal þeirra sem tóku þátt í afmælishátíðinni þann 2. nóvember voru, auk núverandi stólmeistara, fimm bræður sem hafa gegnt því embætti. Hér eru þeir ásamt Vali Valssyni, Stórmeistara Reglunnar. Frá vinstri: Jón Arndal Stefánsson, Jón Rafn Guðmundsson, Ragnar Önundarson, Valur Valsson, Önundur Ásgeirsson, Bruno Hjaltsted og Bergur Jónsson.

# Gimli fagnar hálftrar aldar afmæli

Á síðastliðnum starfsvetri fögnuðu Gimlibræður 50 ára afmæli stúkunnar. Ákveðið var að halda veglega upp á afmælið og var það gert með margvíslegum hætti og setti það því sterkan svip á fjölbreytt starf stúkunnar síðastliðinn vetur.

St. Jóh.st. Gimli var stofnuð þann 2. nóvember árið 1957. Þann dag héldu 37 stofnfélagar Gimli stofnfund og stúkan var vígð. Þetta var fimmta stúka Frímúraræglunnar á Íslandi og sú þriðja í Reykjavík. Stofnfélagarnir voru flestir ungir að árum og lögðu þeir grunninn að starfi stúkunnar. Br. Sveinn Víkingur, sem síðar varð stólmeistari stúkunnar, orti stúkunni vígsluljóð. Er fyrsta erindið þannig:

*Vor andi er himinsins eilífa gjöf,  
excelsior – hærra – er takmarkið setta,  
og mannanna vegferð frá vöggju að gröf,  
vera skal leit að því sanna og rétta.*

Þetta ljóð gaf tóninn og hefur starf stúkunnar Gimli verið öflugt og kraftmikið frá þeim tíma.

Hápunktur afmælisársins var hátíðarfundur afmælisdaginn 2. nóvember í hátíðarsal Reglunnar að viðstöddu fjölmenni. SMR, Valur Valsson, heiðraði stúkuna með nærveru sinni og var þetta fyrsta koma hans til stúkunnar eftir að hann varð SMR. Setti það skemmtilegan og eftirminnilegan svip á fundinn. Hátíðina sóttu einnig bræður úr æðstu stjórn reglunnar og fjölmargir gestir. Frímúrarakórinn flutti nokkur lög undir stjórn br. Jóns Kristins Cortes.

Á fundinum bárust stúkunni veglegar gjafir frá öðrum stúkum. Br. Kristján Þórðarson og br. Halldór Guðbjarnarson fluttu stúkunni kveðjur frá öðrum stúkum. Gimlibræður eru þakklátir fyrir hlýjan hug annarra bræðra í garð stúkunnar. En Gimlibræður ákváðu einnig að gefa gjafir, líkt og á fyrri stórafmælum stúkunnar. Færðu þeir stúkunni og Reglunni endurnýjun á stólum í stúkusalnum. Endurnýjunin var fólgin í að setja nýtt áklæði á bekki og



stóla ásamt því að yfirfara þá, sprauta og lagfæra. Bekkirnir eru aðeins eldri en stúkan og hafa Gimlibræður notað þá frá stofnun stúkunnar. Þeir voru byrjaðir að láta á sjá eftir mikla notkun og ekki eins þægilegir til setu og áður. Það er von gefenda að bekkirnir og stólarnir þjóni bræðrunum um langa framtíð og að þeir megi vekja hjá þeim hlýjar endurminningar um afmælisárið.

Fyrrum Stm. Gimli, Ragnar Önundarson, lét hefja ritun sögu Gimli og sá br. Þórhallur Birgir Jósefsson um ritstjórn verksins. Var bókin „St. Jóhannesarstúkan Gimli 50 ára“ síðan gefin út á afmælisdaginn. Bókin var færð öllum bræðrum sem sóttu afmælisfundinn. Margvíslegt efni er í bókinni. Í henni er fjallað ítarlega og skemmtilega um stofnun stúkunnar. Fróðlegt er lesa þá frásögn með tilliti til þeirra þjóðfélagsbreytinga sem hafa orðið á þessum skamma tíma. Fjallað er um hið margvíslega og fjölbreytta starf stúkunnar í gegnum árin, bæði innan og utan veggja Regluheimilisins. Bókin er ríkulega skreytt myndum af bræðrum, systurum og starfinu. Hún er góð heimild um starf stúkunnar og ljóst að gaman verður að fletta upp í henni um langa framtíð.

Stúkan hefur haldið svokallað „heldribræðrakaffi“ fyrir bræður í stúkunni 67 ára og eldri. Heldribræðrakaffi Gimli í nóvember var með hátíðlegra móti í tilefni 50 ára afmælisins. Reyndar vildi svo skemmtilega til að þetta var fimmtugasta heldribræðrakaffið frá upphafi. Nýja

bókin var kynnt og færð þeim eldri bræðrum, sem ekki höfðu áður fengið hana. Bræðurnir nutu svo veitinga og samvista hver við annan. Ýmislegt var rifjað upp og sönnuðu bræðurnir að maður er manns gaman.

Afmælisárinu lauk með því að Gimlibræður fóru ásamt systurum að loknu starfsári til London. Bræðraböndin voru eflað, tengslin við systurnar aukin og lokum afmælisárs fagnað. Veðrið sýndi allar sínar bestu hliðar á dvalartímanum, sól og sumarhiti allan tímann. Farið var í áhugaverða skoðunarferð í hinar glæsilegu höfuðstöðvar Frímúrarreglunnar í Englandi. Margir skemmtu sér í leik húsum borgarinnar og sameiginleg hátíðarveisla var haldin með heimatilbúnum skemmtiatriðum. Bræður og systur voru dugleg að nýta sér það sem stórborgin hefur upp á að bjóða. Í lok ferðar var farið í skoðunarferð um hinn gamla og fagra bæ Windsor.

Gimlibræður hafa eignast á afmælisárinu margar góðar minningar sem munu lifa með þeim um langa tíð. Gimli sýndi að starfið er áfram í blóma, hjá þeim fjögur hundruð bræðrum sem nú eru í stúkunni, og þeir hlakka til áframhaldandi öflugis starfs á næstu árum og sanna það sem stendur í Gimliljóðinu eftir br. Svein Víking:

*Hér er framtíðarstarf  
tengt við fortíðararf.*

## Úr myndasafni Reglunnar



*Ferðalag Eddubræðra þegar Rún var stofnuð í ágúst 1932. Standandi frá vinstri: H. S.Hanson, Carl Olsen, Oddur C. Thorarensen, Arent Claessen, Svanbjörn Frímannsson, Jóhann Á. Jóhannesson, Lárus Arnórsson, Sveinn Þórðarson, Sveinn Sigurðsson, Bjarni Bjarnason, Ingimundur Árnason, Helgi H. Bergs. Ólafur Ágústsson, Tómas Björnsson, Ólafur Lárusson, Snorri Guðmundsson, Karl Ásgeirsson, Jakob Frímannsson og Guðjón Bernharðsson. Sitjandi fyrir framan: Matthías Þórðarson, Vilhjálmur Þór, Þórður Edilonsson og Sigurður Stefánsson.*

# Heimsókn í Rosslyn kapelluna

Ferð Hamarsbræðra og systra til Edinborgar dagana 28. febrúar til 2. mars 2008

Það voru þeir bræður Eyjólfur Haraldsson, Tómas Guðnason og Ólafur Magnússon, sem sáu um allt skipulag og undirbúning fyrir ferðina. Öll þeirra vinna var með miklum ágætum og hvergi vantaði neitt upp á undirbúninginn. Skömmu áður en farið var í ferðina var leitað til Njarðarbræðra sem höfðu farið á þessar sömu slóðir árið 2005. Boðað var til kynningarfundar þar sem þeir Njarðarbræður, Steingrímur B. Gunnarsson, Egill Þórðarson og Árni Reynisson, fluttu mjög skemmtileg og afar fróðleg erindi og kynningu um Rosslyn Chapel og fleiri frímúrísk atriði sem fróðlegt var að heyra og sjá en þeir buðu einnig upp á frábæra myndasýningu. Allir sem komu á kynninguna rómuðu mjög þann fróðleik sem þeir Njarðarbræður höfðu fram að færa og í lokin fengu allir vel unna möppu um Rosslyn og Kilwinning og ýmsan sögulegan frímúrararfróðleik.

Það var 100 manna hópur að meðtöldum fararstjóranum Kjartani Trausta Sigurðssyni frá Úrvali Útsýn sem lagði af stað til Edinborgar fimmtudaginn 28. febrúar kl. 07.45 en í Edinborg beið annar fararstjóri, Ingibjörg Geirsdóttir.

Ferðin gekk mjög vel og allur undirbúningur Ingibjargar við að taka á móti hópnum var snilldin ein og áður en varði voru allir búnir að bóka sig inn á hið ágæta Thistle-hótel sem er í hjarta Edinborgar. Að vísu þurftu sumir aðeins að bíða eftir herbergjunum þar sem við mættum nokkuð snemma til að bóka inn.

Eftir smá göngutúr eða eftirmiðdagsblund var ekki til setunnar boðið þar sem bræðurnir voru boðnir á II° fund hjá Royal Scots Rifles og systurnar höfðu pantað sér miða á söngleikinn Hallo Dolly sem sýndur er í Festival Theatre.

Fundurinn var haldinn í húsakynnum stúkunnar, Elgin House, húsnæði sem stendur við Easter Road númer 6 í Edinborg. Það er orðið nokkuð líúð enda búið að halda þar fundi í nokkra áratugi.



Um 100 manna hópur Hamarsbræðra og systra fór í Skotlandsferðina. Hér eru nokkur þeirra í skoðunarferð á frímúrararslóðum.

Skoska kerfið er talsvert frábrugðið sænska kerfinu sem við förum eftir. Aðeins einn maður var tekinn upp á fundinum og var allt yfirbragð fundarins hið besta og fannst okkur Hamarsbræðrum mikið til koma hversu vel embættismenn kunnu textann sinn og aðrar embættisathafnir. Bróðurmáltíðin var með skoskum hætti, ekkert bruðl. En góða skapið, hlýjan og velvildin skein út úr hverju andliti og Skotarnir létu sig ekki muna um að standa upp og syngja fyrir okkur bæði einsöng og kórsöng. Einnig var gaman að heyra frá einum skoska bróðurnum lýsingu frá Hafnarfirði og nágrenni, þar sló hann á létta strengi og sagðist þess fullviss að einn bróðir-

inn, sem var mjög lágvaxinn og allt að því dvergslegur, væri trúlega frændi álfanna í Hafnarfjarðarhrauninu. Af þessu innskoti var mikið hlegið og sá hló mest sem á var bent – dæmigerður Skoti sem ekki tekur sjálfan sig of hátíðlega. Til að sýna Skotunum sönghæfileika okkar stökk Grétar Örvarsson að píanóinu og lét okkur bræðurna syngja með hárra raust lagið Ríðum, ríðum reukum yfir sandinn svo undirtók í stúkuhúsinu en í lokin sungum við með mikilli fágun þjóðsönginn og tókst þetta alveg prýðilega hjá okkur.

Már Sveinbjörnsson hélt góða ræðu, þakkaði fyrir frábærar mót-tökur og síðan skiptust stólmeistarar

á gjöfum. Þegar fundi lauk um miðnættið voru flestir komnir í þann girinn að fara að leggja sig enda langur dagur liðinn og mikið fram undan næstu daga.

Föstudagurinn heilsaði okkur flottur og finn enda allir í góðu formi eftir væran svefn. Nú var ferðinni heitið til hinnar frægu kapellu, Rosslyn Chapel. Það er aðeins 30-40 mín. akstur til kapellunnar og ferðin gekk eins og í sögu. Og þegar komið var á áfangastað urðu allir snortnir af þessari sögufrægu byggingu sem svo mjög kemur við sögu frímúrara. Í kapellunni var mjög góð leiðsögn og skýringar á hinum ýmsu stytum og táknum. Allt sem fyrir augu og eyru bar var mjög spennandi og merkilegt en trúlega er saga lærlingssúlunnar það sem best festist í minni. En sagan er í fáum orðum á þessa leið:

Þegar arkitekt kapellunnar hafði afhent múrarmeistararanum fyrirmyndina af undurfagurri súlunni, sem átti að höggva út, beið meistarinn með að byrja á verkinu því hann taldi sig þurfa að sjá hina upprunalegu fyrirmynd.

Hann ferðaðist því til Rómar eða einhverrar annarrar erlendar borgar þar sem hún átti að vera. Meðan meistarinn var erlendis dreymdi einn lærlinga hans útlit súlunnar sem hann sagði arkitektinum frá. Vegna þess að smíði kapellunnar hafði tafist samþykkti arkitektinn að lærlingurinn mætti spreyta sig á að ljúka súlunni eins og hann hafði dreymt fyrir um.

Þegar meistarinn kom til baka sá hann súluna fullkláraða. Í stað þess að gleðjast yfir því fagra handbragði sem hún bar vitni um þrútnaði hann út af bræði og heimtaði að fá að vita hver hefði unnið verkið. Þegar honum hafði verið bent á lærlinginn sló hann í reiði sinni með hamri sínum í höfuð lærlingsins sem féll þegar dauður niður.

Meistarinn var að sjálfsgöðu dæmdur fyrir manndráp og hengdur skömmu síðar. En móðir lærlingsins syrgði hann og grét lengi.

Í vesturenda kapellunnar eru höfuð lærlingsins, meistarans og móðurinnar höggvin í stein. Það vekur athygli að meistarinn hefur þurft að stara á lærlingssúluna síðastliðin 522 ár, dágóð hegning það!

Á leið til rútunnar komu flestir við

í minjagripaversluninni og keyptu sér eitthvað til minja um þessa merkilegu heimsókn í Rosslyn-kapelluna.

Í bakaleiðinni var frímúrarahúsið og frímúrarasafnið í Edinborg skoðað. Núverandi frímúrarahús var byggt 1911-1912 en áður hafði reglan verið í húsi sem var byggt 1855 og hafði verið teiknað af þekktum arkitekt og frímúrara, Mr. David Bryce. Í frímúrarasafninu var mjög margt gamalla muna og málverka. Frímúrara í Skotlandi eru mjög hrifnir af ljóðskáldinu Robert Burns sem uppi var frá 1759-1796 og lést aðeins 37 ára. Burns var frímúrari og orti marga frímúrarska texta. Nokkur málverk af Burns prýddu veggi safnsins.

Dagurinn endaði síðan með sameiginlegri máltíð í glæsilegum sal á hótelinu þar sem skoskir listamenn spiluðu, sungu og dönsuðu.

Laugardagurinn var frjáls dagur en með ýmsum möguleikum. Boðið var upp á skoðunarferð um borgina, ferð til Kilwinning eða bara að röltu og kíkja á mannlífið. Undirritaður valdi Kilwinning og koma hér að neðan nokkrar línur frá þeirri ferð.

Samkvæmt ferðaáætlun var áætlað að 14 til 15 manns myndu ætla til Kilwinning en einhverjir heltust úr lestinni því hópurinn varð aðeins sjö bræður og ein systir. Á stað var farið og allir í flottu formi og frábæru skapi enda rúmgott í 30 manna rútu á leið í nokkurs konar píligrímsferð.

Undirbúningur ferðanefndarinnar skilaði sér enn og aftur því þegar við komum til Kilwinning til að heimækja stúku númer 0, The Mother Lodge of Scotland, Stórstúku Skotlands, var allt undir „control“. Stórmeistarinn, Robert Mc Crea, var á staðnum með embættismönnum sínum og tóku þeir fagnandi á móti okkur, sýndu okkur stúkuhúsið og safn ýmissa góðra muna frá ýmsum erlendum stúkum, þar á meðal frá Íslandi. En mest var þó tilhlökkunin að fá tækifæri til að skoða rústir Kilwinning-klaustursins þar sem sagan segir að frímúrarastarf í Skotlandi hafi byrjað. Bygging klaustursins hófst árið 1140 og það var Davíð 1. Skotakonungur sem lagði hornsteininn. Franskir munkar frá Tyrone í Frakklandi komu til að annast bygginguna og höfðu þeir leiðarbréf frá páfa og máttu kalla sig frímúrara.

Allt til ársins 1736 þegar Stórstúka Skotlands, The Grand Lodge of Scotland, var stofnuð var starfandi stúka í klaustrinu undir nafninu The Roall Order of Scotland með tveimur stigum, frímúrarastigi og riddarastigi. Að ganga um þessar gömlu rústir og tóftarbrot var stórkostlega mögnuð upplifun sem aldrei mun gleymast. Búið er að merkja og skrifa lýsingar á hinum ýmsu herbergjum og vistarverum svo auðvelt var að sjá fyrir sér hvernig hagað hefur til í klaustrinu þar sem stúkan hefur haft aðsetur. Það var fámenntur en ánægður hópur sem kom til Edinborgar kl. 17.00 reynslunni ríkari með ógleymanlegar minningar frá klausturtóftunum í Kilwinning, háu uppistandandi veggjunum með gluggum sem ekki voru í miðju, til að undirstrika að allt sem við mennirnir gerum er ekki fullkomið. Já, enn og aftur urðum við vitni þess hvað frímúrararafræðin eru einstök.

Sunnudagur, komið að heimferð.

Lagt var af stað stundvíslega kl. 10.30 til að keyra um skosku hálöndin á leið út á flugvöll. Fyrsta stoppið var við Stirling-kastalann, glæsilega byggingu frá miðöldum, einn fallegasta kastala í Skotlandi. Ekki vannst tími til annars en ganga í kring og taka myndir því við áttum pantaðan hádegisverð í Aberfoyle og tíminn var að renna frá okkur. Hádegisverðurinn í Aberfoyle var afbragðs góðurog heyrði ég á tal meistarakokkanna Tómasar Guðnasonar og Jóns Pálssonar að þetta hefði sko verið flott steik og sósan sérlega vel löguð og þessir menn hafa mikið vit á mat.

En rúsinan í pylsuenda þessa dags var vínsmökkun á þjóðardrykk Skota, viskí. Ekið var til Glengoyne-verksmiðjunnar sem bruggar eitt besta viskí í heimi, síðan var smakkað, kjamsað og skoðað.

Heimferðin gekk síðan alveg eins og í sögu og allir lentu heima glaðir og kátir eftir stórkostlega og vel heppnaða Edinborgarferð sem allir áttu þátt í að láta heppnast svo einstaklega vel. Það má síðan ekki gleyma þætti fararstjóranna, þeirra Kjartans Trausta og Ingibjargar Geirsdóttur, þau voru bæði alveg stórkostleg og unnu frábært starf. Þökk sé þeim.

*J. Ólafur Ársællsson*



## Velkomin í Lauga-ás

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.

## Frímúrarar í Frakklandi fyrirhuga samkomur

Tveir norskir frímúrara-bræður sem búsettir eru í Frakklandi hafa skrifað Frímúrararum bréf þar sem þeir óska eftir að komast í kynni við norræna frímúrara sem eru búsettir eða dvelja á því svæði í Frakklandi þar sem þeir búa. Svæðið heitir Languedoc – Rousillon en það mun vera í Suður-Frakklandi. Bréf Norðmannanna er svohljóðandi:

Norskir frímúrarar í Languedoc óska eftir að komast í samband við aðra frímúrara á svæðinu. Óskum við eftir sambandi við norska, sænska, danska og íslenska frímúrara. Við höfum í hyggju að efna til

óformlegra funda eða samkoma í anda frímúrara og viljum gjarnan að konur okkar séu með bæði á samkomunni og hugsanlegum málsverði. Við áformum að halda slíka samkomu annan hvern mánuð á Langudocsvæðinu.

Ef einhverjir íslenskir frímúrarar búa á þessu svæði og gætu hugsað sér að taka þátt í slíkri bræðrasamkomu biðjum við viðkomandi að hafa samband við Olav Eide Knutsen, X, sími 0468831194, netfang: olav.knutsen@orange.fr. Eða Hartmut Frings, IX, sími 0467263736, netfang: hartmut.frings@wanadoo.fr



Langflottastur í lit...

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

## nashuatec

Gæðatæki á verði sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu rekstrarkostnaðinn með nýrri vél frá Nashuatec.

Prentaðu/ljósritaðu í lit eða í svart/hvítu, skannaðu og faxaðu með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.

Fremstir í prentækjum frá 1953

### OPTIMA

Vínlandsleið 6-8 588 9000

www.optima.is

# Gleym-mér-ei og frímúrarar



Margir frímúrarar þekkja söguna um hvernig bræður í Evrópu á tímum síðari heimsstyrjaldar þekktu hverjir

aðra með því að bera merki blómsins gleym-mér-ei í barminum og má enn í dag sjá frímúrarar með slík merki. Fyrir þá sem ekki þekkja til má rekja söguna hér í stuttu máli.

Snemma árs 1934, skömmu eftir að Adolf Hitler komst til valda í Þýskalandi, varð ljóst að Frímúrarareglan var í hættu. Það sama ár ákvað Landsstúkan „Grandesloge zur Sonne“ í Bayreuth að dreifa meðal bræðranna barmmerki í formi gleym-mér-ei og gátu bræðurnir þannig skipt út hinum hefðbundnu frímúraramerkjum og borið þetta í staðinn og þannig borið kennsl á aðra bræður án þess að koma upp um að þeir væru meðlimir í Reglunni. Reglubræður fóru í felur, stúkur voru lagðar niður og barmmerkið varð táknmynd stóls frímúrarabræðra í Þýskalandi og raunar í allri hinni herteknu Evrópu. Svo langt gekk þetta að jafnvel í útrýmingarþúðum nasista og fjölda fangabúða notuðu frímúrarar barmmerkið til að sýna með stolti að leitin að ljósinu héldi áfram þótt myrkur grífði yfir Evrópu.

Þetta er falleg saga – en því miður er hún ekki sönn, þó í henni leynist sannleikskorn. Þetta er lífseig þjóðsaga sem gengið hefur meðal bræðra um víða veröld svo áratugum skiptir. En hver er þá sannleikurinn um barmmerkið gleym-mér-ei sem fjöldi bræðra ber með stolti?

Fyrst skal frá því segja að vissulega er það rétt að Hitler var meinilla við frímúrarar og raunar er það svo að einræðisherrar hafa ætíð lagt fæð á Regluna enda vita þeir fátt verra en félagsskap sem hvetur til opinna umræðu, frjálsrar hugsunar og mannræktar og lýtur ekki þeirra valdi. Hitler lagði reyndar strax árið 1934 blátt bann við því að meðlimir í nasistafloknum væru frímúrarar og hvatti menn fyrst til úrsagnar en síðar sama ár hljóp enn meir harka í



*Áróðursvegspjald nasista fyrir vetrarhjálpinna en þeir sem gáfu í hana fengu gleym-mér-ei barmmerki í staðinn.*

málið. 28. október 1934 gaf Wilhelm Frick innanríkisráðherra út tilskipun þar sem tilkynnt var að frímúrarastúkur væru „óvinir“ ríkisins og gera mætti eigur þeirra upptækar. 17. ágúst 1935 leysti Frick svo þýsku frímúrararegluna upp og lagði hald á allar eigur hennar. Þetta gerðu nasistar svo í þeim löndum sem þeir hernámu og ætíð var beitt mikilli hörku gegn frímúrum og mikið kapp lagt á að haldleggja skjöl, muni og gögn Reglunnar í hverju landi fyrir sig.

En hvernig tengist þetta barmmerkinu gleym-mér-ei og frímúrum? Til að komast að því verðum við að hverfa enn aftur í tíma, til þriðja áratugs síðustu aldar og bæjarsins Selb. Þar var verksmiðja sem framleiddi barmmerki og átti hún í ágætum viðskiptum við fjölda fyrirtækja og félagasamtaka. Áðurnefnd „Grandesloge zur Sonne“ hafði reglulega pantað barmmerki frá verksmiðjunni og gaf bræðrum árlega að gjöf. Árið 1926 var barmmerkið gleym-mér-ei tákn áminningar um að gleyma ekki sínum minnsta bróður.

Bræður á svæðinu í kringum Brimarhöfn, sem og bræður gestir, fengu allir að gjöf þetta barmmerki til minningar um komu á fund í Landsstúkuna. Tæpum áratug síðar, eða um 1934, hófu nasistar víðamikil átak um allt land; Winterhilfswerk, þar sem safnað var fé undir mismunandi formerkjum en féð rann beint og óbeint til hernaðaruppbyggingar. Þeir sem gefið höfðu í slíka söfnun fengu barmmerki til merkis um það, barmmerki sem var í formi gleym-mér-ei og var það framleitt í áðurnefndri verksmiðju í bænum Selb. Margir frímúrarar áttu slíkt merki í fórum sínum og gátu nú notað það og ekki síst átti Landsstúkan zur Sonne vænar birgðir sem nú var hægt að dreifa til bræðra sem þannig komust hjá því að gefa í söfnunina. Eins og gefur að skilja létu nasistar áðurnefnda verksmiðju framleiða mikið magn af þessu merkjum, mun meira en fór í dreifingu þegar upp var staðið.

Árið 1947, þegar þýska frímúrarareglan var endurreist, reyndu þýskir frímúrarar að heimsækja erlendar stúkur eftir föngum til að safna fé og koma á tengslum að nýju við aðra bræður. Einn þeirra var Theodor Vogel, Stm. Zum Weissen Gold am Kornberg í bænum Selb. Hann vildi ógjarnan fara á fundi í erlendum stúkum án þess að hafa einhverja gjöf meðferðis og af hverju var nóg til í bænum Selb á þessum árum? Jú, barmmerkinu gleym-mér-ei. Hann dreifði því þessum merkjum á fundum og smám saman varð til þjóðsaga sem enn í dag lifir góðu lífi.

En þó sagan sjálf sé ekki sönn megum við ekki gleyma því að merkidi sjálft ber í sér djúpa og góða merkingu sem á ætíð vel við; gleymum ekki meðbræðrum okkar og þeim sem minna mega sín.

*Steingrímur Sævarr Ólafsson*

*Helstu heimildir:*

Gögn Helfararsafnsins í Washington D.C., Bandaríkjunum. (<http://www.ushmm.org/>)  
Die Freimaurer-Logen Deutschlands und deren Grosslogen 1737-1972, Ernst G. Geppert  
Das Vergissmeinnicht, David G. Boyd. The Philaethes 1987.  
Ýmsar greinar.

# Freysteinn Gunnarsson

## Höfundur fjölmargra frímúrararljóða

Allir frímúrarar kannast við söngbók Reglunnar enda oft til hennar gripið. Í bókinni er að finna marga vel orta og fallega texta sem fjalla bæði um hugsjónir frímúrara og nálgun þeirra við viðfangsefni sitt, enda hafa verið góð skáld í Reglunni allt frá því að hún tók til starfa. Enginn einn höfundur á fleiri texta í söngbókinni en Freysteinn heitinn Gunnarsson guðfræðingur og fyrrverandi skólastjóri Kennaraskóla Íslands. Freysteinn var alla tíð mjög áhugasamur frímúrari og störf Reglunnar munu hafa fallið einkar vel að lífsmáta hans og hugsjónum.

### Afkastamikill höfundur

Þótt ævistarf Freysteins Gunnarssonar væri fyrst og fremst skólastjórn og kennsla voru ritstörf hans gífurlega umfangsmikil og af mörgum toga. Bæði var um að ræða fræðileg rit, einkum á sviði kennslufræði og málfræði, barnabækur og ljóð. Auk þess vann Freysteinn alla tíð mikið að þýðingum og má þar sérstaklega nefna að hann þýddi bækur Jóns Sveinssonar, Nonnabækurnar. Þær bækur nutu lengi gífurlega mikilla vinsælda meðal ungmenna á Íslandi og er ekkert vafamál að einstaklega vönduð vinna Freysteins við þýðingarnar hafði mótandi áhrif á málfar og málvitund fjölda fólks.

Freysteinn var Árnesingur að uppruna, fæddur árið 1892. Hann ólst upp hjá fósturforeldrum sínum að Hróars-holti í Flóa en þau reyndust honum sem bestu foreldrar og styrktu hann til náms í Kennaraskólanum en þaðan lauk Freysteinn námi árið 1913 með eina hæstu einkunn sem gefin hafði verið við skólann. Hann las svo 5. og 6. bekk Menntaskólans í Reykjavík utanskóla, lauk því námi á einum vetri og varð stúdent árið 1915. Hann hóf síðan nám í Háskóla Íslands og lauk þaðan guðfræðiprófi árið 1919. Allan tímann sem Freysteinn var þar við nám stundaði hann kennslu og önnur störf og vann þannig fyrir sér. Að háskólanáminu loknu hélt hann til Skandinavíu og Þýskalands þar sem hann dvaldist um skeið til þess að kynna sér kennslu og kennslufræði og þó einkum hina svokölluðu lýðháskóla. Að auki stundaði hann nám í Uppsalaháskóla í Svíþjóð í nokkra mánuði.



Freysteinn Gunnarsson

Árið 1921 varð Freysteinn kennari við Kennaraskóla Íslands í Reykjavík og 1929 var hann skipaður skólastjóri skólans og gegndi þeirri stöðu uns hann lét af störfum fyrir aldurs sakir árið 1962. Þótti Freysteinn framúrskarandi skólamaður og stjórnandi.

Þegar á unga aldri fór Freysteinn að yrkja vísur og ljóð. Var það honum leikandi létt. Munu tækifærisvísur vera það elsta sem varðveist hefur af kveðskap hans en einkenni þeirra og raunar alls kveðskaps Freysteins er mikil hugsun og vandvirkni. Raunar mun Freysteinn ekki hafa látið mikið á skáldhæfileikum sínum bera en féllst þó á það árið 1935 eftir mikla hvatningu vina sinna að gefa út ljóðabók sem bar hið yfirlætislausu nafn „Kvæði I“. Árið 1943 kom út hans önnur ljóðabók „Kvæði II“ og þriðja ljóðabókin, „Kvæði III“ var fullbúin af hans hendi er hann lést árið 1976. Árið

1987 kom síðan út ljóðasafn Freysteins sem nær eingöngu var selt til áskrifenda.

### Alkunn ljóð

Nokkur ljóða Freysteins eru textar við sönglög og náðu strax miklum vinsældum og munu ugglauast lifa með þjóðinni meðan lagið er tekið. Þar má t.d. nefna ljóð hans við söng úr Töfraflautu Mozarts: „Hann Tumi fer á fætur“, en það ljóð hafa íslensk börn lært í frumbersku og fylgja mun kynslóðunum. Af öðrum vel þekktum sönglagatextum eftir Freystein má og nefna „Áfram veginn í vagninum ek ég“, „Vér göngum svo léttir í lundu“, „Heim yfir hæð og sund“, „Syngdu, meðan sólin skín“, „Þegar sól vermir jörð“, og sálminn fallega „Lífsins herra“.

Í skáldskap sínum þótti Freysteini þó takast best upp í þeim vísur og ljóðum þar sem hann fjallaði um mannlegar tilfinningar en þar kom hann oft ráðleggingum sínum á framfæri með svo meitluðum orðum að ekki er hægt að kalla þau annað en speki. Sem dæmi um slíkt má nefna vísu sem varð víðfræg og var meira að segja prentuð aftan á eldspýtustokka sem til voru á hverju heimili á Íslandi:

*Alla þá sem eymdir þjá  
er yndi að hugga  
og ljýsa þeim sem ljósið þrá  
en lifa í skugga.*

Í öðru ljóði Freysteins sem hiklaust er hægt að kalla ljóðaperlu fjallar hann um lífið og tilveruna – hina stöðugu leit mannsins að hamingjunni, hvernig mönnum er hætt við að misstíga sig og átta sig ekki á því að það smáa getur líka verið verðmæti þegar upp er staðið.

*Ég fann það um síðir, að gæfan er gler,  
svo grátlega brothætt hún reyndist mér,  
því æskan er léttstígt og leikur sér  
að ljómandi gullinu fríða.  
En glerið er brothætt, og grjótið er víða.*

*Mér gersemin dýra var gefin í hönd,  
í gáskanum héldu mér engin bönd;  
ég lék mér á æskunnar ljómandi strönd,  
sá leikur varð gullinu að meini.  
Ég braut það í ógáti á örlagasteini.*

*Nú skil ég það fyrst, hvað ég skemmti mér við,  
en skemmt hef ég dýrasta leikfangið.  
Nú sit ég í rökkrinu og rísla mér við  
að raða brotunum saman.  
Ég særi mig á þeim. En samt er það gaman.*

Í mörgum ljóðum Freysteins kemur fram einlæg samúð hans með þeim sem minna mega sín, máttur umhyggjunnar og hversu vináttan vegur þungt í mannlegu samfélagi. Sem dæmi um slíkt má nefna eftirfarandi erindi:

*Hvert vinarorð,  
sem vermír hug,  
þá vakir böl og stríð,  
hvert góðs manns orð,  
sem gleður hug  
mun geymast alla tíð.*

### Vann Frímúrarareglunni mikið starf

Freysteinn Gunnarsson gekk í Frímúrararegluna á Íslandi fljótlega eftir að hún var stofnuð og sýndi henni mikinn skilning, áhuga og ræktarsemi. Í reglustarfinu var hann þó ekki áberandi maður – slíkt var heldur ekki hans háttur og hann mun hafa beðist undan því að taka að sér embætti þegar til hans var leitað um slíkt. Hins vegar var hann alltaf boðinn og búinn að liðsinna og vann Reglunni mikið starf. Þannig mun hann hafa lagt gjörva hönd á plóg við þýðingu ýmissa gagna. Vitað er að Freysteinn þýddi m.a. fræðabálka St.:Jóh.: stúkunnar og síðabækur St.: Andrésarstúknanna, auk þess sem hann mun hafa lesið yfir þýðingu á grundvallarlögum Reglunnar og gefið þar góð ráð og ábendingar. Að auki flutti Freysteinn nokkrum sinnum fræðsluerindi í St.: Jóh.:Eddu og munu einhver þeirra vera til í bókasafni Reglunnar.

Það sem tengir nafn Freysteins Gunnarssonar þó fyrst og fremst við Frímúrararegluna eru ljóð hans í Söngbók-

inni. Sum þeirra orti hann og laumaði á litlum miðum að bræðrum á fundum – önnur samdi hann að beiðni bræðranna og þá einkum vegna hátíðlegra tækifæra í sögu og starfi Reglunnar. Sem dæmi um slíkt má nefna ljóð eða ljóðabálk er Freysteinn færði St.: Jóh.: Eddu á tíu ára afmæli stúkunnar árið 1929 og ljóðið „Rún“ sem var frumflutt og sungið er St.: Jóh.: Rún var stofnsett. Góður vinskapur var með Freysteini og tónskáldunum Þórarni Guðnasyni og Ísólfi Pálssyni en báðir sömdu þeir lög við frímúraraljóð Freysteins.

Ekki mun Freysteini hafa þótt við hæfi að gera frímúraraljóð sín heyrum kunnug. Aðeins tvö þeirra birtust í ljóðabókum hans. Eru það ljóðin „Minni Íslands“ (Oft liður hugur heim) sem heitir einungis „Ísland“ í ljóðabókinni og „Edda“ sem heitir sama nafni í ljóðabókinni en þar er því þó aðeins breytt.

### Eftirminnilegur kennari

Sá sem þetta ritar naut kennslu Freysteins Gunnarssonar síðasta árið sem hann var skólastjóri Kennaraskólans. Þá voru miklar breytingar framundan. Skólinn var að flytja úr gamla húsinu við Laufásveg þar sem hann hafði verið frá árinu 1908 í glæsihús við Stakkahlíð og framundan var einnig sú breyting að færa kennaramenntunina á háskólastig. Freysteinn kenndi íslensku einn tíma í viku – á laugardagsmorgnum. Hann tók Þrymskviðu fyrir og var allan veturinn að fara yfir hana, efnisgreina – orðgreina og skýra. Hann var þá orðinn roskinn maður en hafði yfir sér ógleymanlegt fas og mikinn virðuleika. Lá lágt rómur en allir hlustuðu af athygli og vildu ekki missa af neinu sem hann hafði fram að færa. Mér er það einstaklega minnisstætt að einhverju sinni lét ég einhver orð falla um tiltekið atvik í Þrymskviðu. Nokkrum dögum síðar var ég boðaður inn á skrifstofu til Freysteins. Það – að vera kallaður til skólastjóra boðar venjulega ekki gott og mér varð það fyrst fyrir að renna í huganum yfir það hvort verið gæti að ég hefði gert eitthvað af mér. Þegar ég kom til Freysteins heilsaði hann mér með handabandi, benti mér á að setjast, settist sjálfur og horfði á mig yfir gleraugun. Þagði nokkra stund, en rifjaði það síðan upp sem ég hafði haft um Þrymskviðu að segja: „Þetta er skynsamleg ályktun hjá þér,“ sagði hann svo. Þagði aftur góða stund og bætti við. „En hún fær ekki staðist.“ Síðan gaf hann sér góðan tíma til þess að útskýra og afsanna villukenningu mína. Kvaddi með handabandi og hélt áfram að sinna sínum störfum. Þarna upplifði ég það sem séra Árelfus Níelsson sagði frá í ritinu „Kennaraskóli Íslands“, en þar sagði hann m.a. um Freystein og samskipti hans við nemandur:

„Og þegar bjöllunni hefur verið hringt, horft út um gluggann og staldrað við, heyrir gengið hljóðlega til dyra og opnað með virðuleika af lágvöxnum manni með hrímað hár, grá, glettnisleg augu, sem heilsar gestinum hlýrri, smárri hendi og brosi, sem minnir á lítinn, góðan dreng, bjart og feimnislegt í senn. Þau eru mörg stóru börnin, sem þannig hafa heilsað sem gestir og kvatt sem börn hans þennan nærgætna, vitra húsföður, og reynslan hefur ávallt sannað, hve gott var að hlíta ráðum hans.“

*Steinar J. Lúðvíksson*

# In memoriam

## Bræður horfnir til Austursins Eilífa

Ljósmynd/Einar Falur

**Sigurður Grétarsson** – Edda – IX  
17. 5. 1956 □ 2. 12. 1986 † 4. 11. 2007

**Guðmundur Jónsson** – Mímir – III  
10. 5. 1920 □ 8. 11. 1954 † 5. 11. 2007

**Gústav A. Guðmundsson** – Rún – X  
15. 9. 1937 □ 27. 3. 1972 † 12. 11. 2007

**Sigurður K. Árnason** – Mímir – VIII  
7. 2. 1925 □ 5. 3. 1979 † 18. 11. 2007

**Lárus Gunnólfsson** – Edda – IX  
9. 10. 1937 □ 31. 3. 1981 † 8. 12. 2007

**Árni Friðrik Scheving** – Glitnir – VIII  
8. 6. 1938 □ 9. 2. 1994 † 22. 12. 2007

**Porlákur Guðmundsson** – Edda – VII  
9. 12. 1921 □ 3. 2. 1987 † 30. 12. 2007

**Hilmar Kristjánsson** – Mælifell – III  
16. 5. 1948 □ 10. 11. 2003 † 1. 1. 2008

**Úlfur Ragnarsson** – Gimli – X  
29. 9. 1923 □ 18. 1. 1965 † 10. 1. 2008

**Sigmundur Sigurgeirsson** – Mímir – IX  
9. 1. 1926 □ 2. 10. 1978 † 15. 1. 2008

**Jóhann T. Egilsson** – Fjöltnir – X  
29. 8. 1926 □ 31. 3. 1954 † 9. 2. 2008

**Nicolai Gissur Bjarnas.** – Sindri – VIII  
30. 9. 1948 □ 13. 4. 1993 † 20. 2. 2008

**Bragi Guðmundsson** – Hamar – X  
6. 12. 1932 □ 19. 4. 1966 † 20. 2. 2008

**Páll Þorsteinsson** – Edda – IX  
28. 3. 1920 □ 5. 12. 1967 † 24. 2. 2008

**Bolli Þ. Gústavsson** – Rún – X  
17. 11. 1935 □ 8. 10. 1975 † 27. 3. 2008

**Sveinn Hjálmarsson** – Rún – IX  
10. 3. 1948 □ 19. 1. 1994 – 30. 3. 2008

**Gunnar R. Sveinbjörnss.** – Sindri – IX  
24. 11. 1933 □ 8. 11. 1979 † 3. 4. 2008

**Úlrik Ólason** – Njörður – VI  
4. 6. 1952 □ 8. 4. 1997 † 9. 4. 2008

**Aðalsteinn Jónsson** – Edda – III  
30. 1. 1922 □ 14. 12. 1965 † 30. 4. 2008

**Jón Bjarni Þórðarson** – Edda – X  
19. 2. 1932 □ 20. 11. 1979 † 25. 6. 2008

**Eiríkur Ísaksson** – Gimli – III  
24. 6. 1931 □ 23. 10. 1978 † 18. 5. 2008

**Gissur Símonarson** – Edda – X  
16. 9. 1920 □ 17. 4. 1956 † 21. 6. 2008

**Gunnar Bjarnason** – Akur – X  
17. 9. 1927 □ 2. 2. 1965 † 26. 6. 2008

**Ragnar Kjartansson** – Mímir – VII  
4. 3. 1942 □ 12. 12. 1973 † 12. 7. 2008

**Óskar Kristinn Júlíusson** – Edda – X  
20. 2. 1919 □ 22. 11. 1966 † 18. 7. 2008

**Lárus Arnar Kristinsson** – Sindri – VII  
14. 8. 1937 □ 24. 10. 1998 † 28. 7. 2008

**Símon Sveinn Sigurjónsson** – Edda – X  
4. 8. 1930 □ 13. 2. 1968 † 30. 7. 2008

**Jón Gauti Jónsson** – Mímir – IV  
29. 12. 1945 □ 28. 9. 1981. † 4. 8. 2008

**Páll H. Pálsson** – Edda – X  
24. 11. 1920 □ 17. 1. 1961 † 6. 8. 2008

**Sigurður Kj. Brynjólfss.** – Glitnir – IX  
5. 11. 1942 □ 15. 3. 1978 † 2. 9. 2008

**Skjöldur Stefánsson** – Akur – X  
11. 7. 1935 □ 4. 12. 1978 † 3. 9. 2008

**Sævar Halldórsson** – Fjöltnir – X  
25. 6. 1934 □ 11. 11. 1975 † 18. 9. 2008

**Ásgeir Sverrisson** – Gimli – X  
9. 6. 1928 □ 13. 11. 1972 † 27. 9. 2008

**Steinþór S. Steinþórsson** – Njála – IX  
9. 7. 1939 □ 17. 3. 1980 † 16. 10. 2008

**Ingi Jónsson** – Mímir – X  
16. 12. 1921 □ 17. 11. 1958 † 27. 10. 2008



# Norrænir YAR og ritstjórar funda í Tromsö

Hinn árlegi fundur YAR og ritstjóra Frímúrarablaðanna á Norðurlöndunum var haldinn í Tromsö í lok maí og byrjun júní 2008. Á síðasta ári var bryddað upp á þeirri nýjung að halda þennan árlega fund utan höfuðborgar, en þá var hann á Akureyri. Gestgjafarnir í ár, Norðmenn, ákváðu að endurtaka leikinn og héldu fundinn í Tromsö svo hægt yrði að bjóða fundarmönnum á H&V St. Jóh. St. Stella Polaris sem fagnaði 89 ára afmæli sínu.

Meðal þess sem til umræðu var að þessu sinni, var meðhöndlun gagna í tengslum við netið. Mikið af frímúrásku efni hefur undanfarin misseri verið sett á persónulegar heimasíður á Norðurlöndunum, jafnvel gráðubækur og spurningabækur og hefur útbreiðsla þessa efnis verið mönnum áhyggjuefni. Mest virðist sett á netið í „góðri trú“ af bræðrum sem ekki hafa verið upplýstir um rétta notkun þessa viðkvæma efnis.

Þá var rætt um þær breytingar sem orðið hafa í því skyni að kynna Regluna fyrir almenningi, en Norðmenn tilkynntu að þeir hefðu ákveðið að skipa sérstakan blaðafulltrúa, líkt og Danir hafa haft. Ennfremur var skýrt frá því að Norðmenn hafa aukið allt kynningarstarf sitt og opnað Regluhúsið á nokkurs konar Menn-ingarnótt þeirra í Osló, við góðar undirtekir.

Ljóst er að mikil gróska er í frímúrarastarfi á Norðurlöndunum og fundir sem þessir styrkja samstarf milli landanna og endurspegladist það vel á þessum fundi nyrst í Noregi.



## Vélahjólaklúbbur Frímúrara

Sumardaginn fyrsta, 24. apríl sl., fjölmenntu bræður sem áhuga hafa á vélfákum í bræðrastofuna við Borgartún í Reykjavík. Tílefnið var undirbúningur að stofnun vélahjólaklúbbs frímúrara. Það kom sannarlega í ljós að innan okkar raða eru ótrúlega margir vélahjólakappar og sýndu þeir það í verki með því að fjölmenna, auðvitað vel útbúnir á þennan fyrsta fund. Skipuð var bráðabirgðastjórn sem nú hefur það verkefni að vinna

áfram að málinu, skrá stofnfélaga og undirbúa dagskrá fyrir sumarið. Eftir fundinn héldu hátt í 50 bræður í hópreið um götur höfuðborgarinnar undir forystu Eiríks Hreins Helgasonar.

Þeir bræður sem áhuga hafa og vilja láta skrá sig sem stofnfélaga vinsamlega hafið samband við Sigurð Inga Einarsson, netfang: [seinarsson@simnet.is](mailto:seinarsson@simnet.is) eða í síma 863 2500.

### Frímúrarakórinn - athugasemd frá Gunnlaugi Snævarr

Frímúrararann hefur borist eftirfarandi athugasemd frá br. Gunnlaugi Snævarr:

Í síðasta tölublaði Frímúrarans er getið um 15 ára afmæli Frímúrarakórsins. Þar er mér eignaður meiri heiður en mér ber með því að ég er sagður vera aðalhvatamaður að stofnun kórsins ásamt Jóni Stefánssyni.

Ég man það glögg að kórinn var búinn að starfa í einn vetur þegar ég varð formaður hans. Ég starfaði því ekki fyrsta árið. Ég tel mig muna það rétt að þeir tvíburabræður Magnús og Sæmundur Pálssynir, Guðmundur Óskarsson og fleiri hafi hrundið þessu starfi af stað með Jóni Stefánssyni sem hafi bent þeim á að fá mig til þess að taka kórinn að mér. Ég held reyndar að ég hafi komið nokkru skikki á starfseminu með dyggri leiðsögn og hjálp Indriða Pálssonar þáverandi SMR en hann á meiri heiður skilið en ég. Ég man það vel á fundi okkar Indriða þegar ég fékk hann til að því var komið til leiðar að kórinn kæmi ekki fram opinberlega nema þá og því aðeins að SMR óskaði þess. Það var löngun eldhuganna sem að stofnun kórsins stóðu að syngja sem mest og víðast en ég var efins um að kórinn væri það góður að vel færi á því, a.m.k. fyrstu árin. Hins vegar fór ég með kórinn til Akureyrar, Kaupmannahafnar og Ísraels þar sem við sungum á lokuðum samkomum.

# Landsmót Frímúrara 2008

Það var svo sannarlega ekki þrautalaust að koma hinu árlega Landsmóti Frímúrara á koppinn þetta árið. Eins og flestum sem þátt tóku í mótinu er ljóst urðum við fyrir því að Golfsamband Íslands skipulagði sveitakeppni í golfi á fyrirfram ákveðnum keppnisdegi Landsmótsins sem fara átti fram á Akranesi þetta árið. Sú ákvörðun ásamt mótsdegi hafði legið fyrir frá fyrra ári eftir samkomulag við stjórnendur GL. Var þetta okkur stjórnarmönnum FGF algjörlega óafvitandi og á síðustu stundu.

Nú voru góð ráð dýr því ekki var mikill tími til stefnu og eftir eftir-grennslan var úr litlu að móða hvað varðar úrval valla á þessum tíma sumars. Það var því kærkomin frétt þegar Jón B. Stefánsson, varaformaður FGF, setti sig í samband við bræður okkar í Röðli á Selfossi og kannaði áhuga þeirra á að koma að Landsmótshaldinu. Ekki var mikill tími til stefnu þar sem komið var langt fram í júlí þegar þarna var komið við sögu. Það fór síðan á þann veg að við funduðum á föstudegi með Röðulsöðlingnum Guðmundi Eiríkssyni. Að því búnu settum við saman dagskrá mótsins um helgina á eftir, því næst var samið um veitingar og hagstæða gistingu á Hótel Selfossi og undirbúningur að gerð verðlaunagripa hófst. Fjórtán dögum síðar voru vel á annað hundrað keppendur mættir til leiks á Strandarvelli á Hellu á áttunda Landsmót Frímúrara.

Kvöldið fyrir mótsdag buðu Röðulsmenn undir forystu Guðmundar til móttöku í ný húsakynni sín og farið var í kynnisferð undir leiðsögn bygginganefndar og hönnuða hússins um bygginguna. Húsið er eins og þeir vita sem þangað hafa komið hreint út sagt glæsilegt í alla staði og mikill stórhugur sem þar hefur verið mönnum leiðarljós við byggingu hússins. Röðulsmenn buðu síðan upp á léttar veitingar eftir mótssetningu og viðstöddum gafst tækifæri til að leggja eitthvað af mörkum í byggingasjóð.

Á keppnisdaginn var síðan blásið



*Sigurvegarar í kvennaflokki: Svandís Rögnvaldsdóttir, Erla Adolfsdóttir og Margrét Teitsdóttir.*



til keppni. Ræst var út á öllum teigum samtímis klukkan 9 um morguninn og var keppt í 5 flokkum að vanda. Blíðskaparveður var á Strandarvelli þennan dag þrátt fyrir örlítinn blástur sem gaf mönnum roða í kinn en hlýtt var hins vegar og gott. Það voru sælir kylfingar sem héldu heim í skálann að loknum golfhringnum og fóru yfir afrek dagsins. Að loknum frábærum keppnisdegi var haldið inn á Selfoss þar sem tími gafst til að fara í sturtu og klæðast áður en þríréttaður kvöldverður var snæddur á veitingastaðnum Riverside á Hótel Selfossi. Var það mál manna að um fyrirmyndarmatseld hafi verið að ræða og get ég staðfest

það. Á meðan eftirrætturinn var snæddur fór fram verðlaunaafhending. Sigurvegarar á landsmótinu að þessu sinni voru:

Í A-flokki karla: Ellert Þór Magnason.

Í B-flokki karla: Jón Björgvin Stefánsson.

Í kvennaflokki: Erla Adolfsdóttir.

Í flokki niðja Frímúrarabræðra: Jón Grétar Erlingsson.

Bræður í Akri á Akranesi unnu Stúkukeppnina þetta árið. Alls tóku 100 kylfingar þátt í mótinu; 61 bróðir, 32 systur og 7 niðjar.

Það sem eftir lifði kvölds fór í ýmsar skeggræður og þykir okkur sem mjög vel hafi til tekist þrátt fyrir að gefið hafi á bátinn rétt fyrir mót og útlitið ekki verið gott. Úr rættist að lokum á farsælan hátt, vonandi öllum til heilla.

Fyrir hönd stjórnar Frímanns vil ég þakka þeim Röðulsbræðrum sem komu að mótshaldinu og að sjálf-sögðu óeingingjarnri mótsnefnd Landsmótsins undir dyggri stjórn Gylfa Sigurðssonar mótsstjóra. Sjáumst að ári á Akranesi ef Guð lofar!

*Jóhann Gunnar Stefánsson,  
formaður FGF*

# Baráttunni gegn mænu- sótt hvergi nærri lokið

Frímúrarareglan leggur UNICEF lið við útrýmingu mænusóttar í Afríku

Á vorhátíð Frímúrarareglunnar 2006, sem var sú fyrsta sinnar tegundar innan okkar regluumdæmis, var veitt fé til UNICEF til styrktar áætlun um útrýmingu á mænusótt í Afríku. Ári áður samþykktu heilbrigðisráðherrar átta Afríkurlíkjara áætlun um mikla bólusetningarherferð gegn mænusótt með það að markmiði að útrýma sjúkdómnum fyrir lok ársins 2006. Enn er barist við mænusótt víða í þróunarlöndum, einkum í Afríku, og vísindamenn vinna stöðugt að rannsóknum á því hverjar orsakir sjúkdómsins eru og afleiðingar. Hér á Íslandi hefur þessi sjúkdómur ekki greinst á síðari tímum, en nokkrir faraldrar gengu yfir landið á síðustu öld og á þeirri níttjándu, eftir því sem eldri heimildir herma. Það var ekki fyrir en kringum árið 1950, þegar vísindamenn höfðu þróað bóluefni, að bólusetning hófst með skipulögðum hætti í hinum vestræna heimi. Síðast gekk faraldur hér á landi árin 1955-1956, en alls voru þá 833 skráðir með mænusótt samkvæmt heilbrigðisskýrslum. Þar af lömuðust 133 en tveir dóu í kjölfar lömunar á öndunarfærum. Konur sem lömuðust voru nokkrar fleiri en karlar og flestir sem lömuðust voru á aldursbilinu 20-40 ára.

Mænusótt, eða lömunarveiki, stafar af veiru sem getur borist í menn með saurmengun, fæðu og vökva og hugsanlega einnig með úðasmiti, segir á vef landlæknisembættisins. Í grein eftir dr. Magræti Guðnadóttur prófessor, sem ég las fyrir nokkrum árum, kom fram að veikin kæmi upp „þegar þrifnaður eykst í þjóðfélagi.“ Hér er átt við að þegar við hættum að sjúga upp í nefið og förum að þvo okkur eftir salernisnotkun, verðum við ónæm fyrir veirunni.

Einkennin geta verið væg, en einnig alvarleg vegna lömunar sem getur leitt til dauða. Engin lyf munu vera til sem lækna mænusótt en með bólusetningu hefur náðst mikill árangur og nánast tekist að útrýma sjúkdómnum í heiminum.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin, WHO, hefur sett sér þau markmið að mænusótt verði útrýmt á næstu árum.

Samkvæmt áætluninni átti að bólusetja börn í alls 25 löndum en nú, ári síðar, er ljóst að ekki hefur tekist að útrýma þessum vágesti. Flest tilfelli mænusóttar í Afríku hafa komið upp á svæði frá Nígeríu til Súðans. Tilfellum í heiminum hefur verið að fjölga, þau voru alls 784 árið 2004, voru 1.170 árið 2005 og tölur þessa árs benda til að þeim hafi enn fjölgað. Fjölgunina mátti m.a. rekja til þess að yfirvöld í Nígeríu lögðu bann við því í nærri ár að bólusetja börn við mænusótt. Banninu var loks aflétt fyrir rúmu ári og síðan þá hafa hundruð milljóna afrískra barna verið bóluset.

## Styrkir á Íslandi

Á liðnu ári ákváðu íslensk stjórnvöld ásamt einkaaðilum að styrkja verkefnið *Bólusetning gegn mænusótt í Nígeríu* um 375 þúsund dollara, eða um 26 milljónir króna. Á síðustu árum hefur nánast tekist að útrýma sjúkdómnum og er lítið á þetta verkefni sem einn af síðustu áföngunum í því. UNICEF hefur tekið þátt í alheimsátaki gegn mænusótt og hefur í samvinnu við nígerísk stjórnvöld og Alþjóða heilbrigðisstofnunina unnið að verkefni sem miðar að útrýmingu mænusóttar en því lýkur á næsta ári.

Vel gekk að fá íslenska einkaaðila til samstarfs en styrktaraðilar verk-

efnins eru Hreinn Loftsson lögmaður, Lýsi hf., Frímúrarareglan á Íslandi, Eimskip, Samherji, Klofningur, Íslenska umboðssalan, Salka-fiskmiðlun, Norlandia, Ice-group og félagsbúið Miðhrauni.

Samanlagt framlag ofangreindra aðila nemur um 275 þúsund dollurum. Íslenska ríkið til 100 þúsund dollara til viðbótar og mun samanlögð upphæðin nægja til að bólusetja 300 þúsund börn.

Rotary-hreyfingin á heimsvísu hefur einnig lagt sitt af mörkum í baráttunni gegn lömunarveiki, mænusótt og fleiri sjúkdómum með bólusetningu. Hreyfingin hefur unnið að verkefnum í yfir 20 ár og á þeim tíma safnað alls 600 milljónum dollara til verkefnisins, alls um 42 milljörðum króna.

Með mati á ofangreindum upplýsingum getum við vel hugsað okkur hverju þjóðin hefur áorkað. Þarna hefur íslenska þjóðin hugsanlega bjargað fleiri börnum frá þessum vágesti en munu fæðast á Íslandi næstu 50 til 70 árin. Þetta er sérstaklega ánægjulegt fyrir mig sem félagi í Reglunni, og líklegast eina núlifandi bróður sem ber einkenni skaða af lömunarveiki. Mér hlýnaði því um hjartaræturnar þegar ég varð vitni að þessari úthlutun og vil þakka Æðstaráði Reglunnar fyrir framtak þess og fordæmi.

Ég vil vekja athygli bræðra á þessu framtaki sem ætti að vera okkur til ihugunar um hve miklu við getum áorkað, bæði einir sér og ásamt öðrum ef við gefum því gaum.

Hörður Barðdal


# Fagmennska í fyrirrúmi



Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

KORTA ÞJÓNUSTA

**BONUS**



**HESTAR & MENN**



## Grand

### RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkornustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík  
Sími 5148000 / Fax 5148030 / [www.grand.is](http://www.grand.is) / [radstefnur@grand.is](mailto:radstefnur@grand.is)

  
**Grand**  
**HÓTEL**  
**REYKJAVÍK**

Mikið úrval  
blöndunartækja

TENGI



Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15  
Smiðjuvegi 76 | 200 Kópavogi | Baldursnesi 6 | 603 Akureyri | [www.tengi.is](http://www.tengi.is)

Munið  
minningarkort  
bræðranefndar

Hægt er að panta  
kort á heimasíðu  
Frímúrarareglunnar  
[www.fmr.is](http://www.fmr.is)

**Ekta**  
fiskur



Sérfræðingar  
í saltfiski

- Útvaður saltfiskur án beina til suðu
- Sérútv. saltfiskur án beina til steikingar
- Ýsa, þorskur, gellur, kimmfiskur, rækjur
- Einnig fjölbreytt úrval tilbúinna rétta

PÖNTUNARSÍMI:

**466 1016**

[www.ektafiskur.is](http://www.ektafiskur.is)

FRUMKVÖDLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VIDURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRADI - LOCALFOOD

**mbl.is**

# VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFÖLLUM OG MÓTLÆTI

Fundur í Regluheimilinu í Reykjavík  
sunnudaginn 16. nóvember kl. 16:00

## Frummælendur:

Halldór Kolbeinsson, geðlæknir  
Jóhann Loftsson, sálfræðingur  
Sr. Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur

Fundarstjóri: Kristján Þórðarson, varaoddviti Fræðaráðs.

Við hvetjum bræður til að mæta og bjóða systrunum með.



Með bróðurlegri kveðju,  
Frímúrarareglan á Íslandi

# Bróðurleg skál ...



Á Minjasafninu er töluvert úrval af frímúraraglössum frá ýmsum tímum. En þau glös sem við tengjum einna mest við Regluna eru glös sem kölluð eru á ensku „firing glasses“ einnig nefnd „shot glasses“.

Þessi glös hafa fylgd frímúrurum í aldaradír og eru sérstök að því leyttu til að þau eru ekki há eða mjög sver en mittismjó og með sérlega þykkum og kröftugum fæti. Að auki eru þau venjulega fagurlega skreytt með tákmyndum. Ef glösinu er skellt á borðplötu

heyrir kröftugur smellur líkt og skothvellur. Þessi gerð af glössum á ætt sína að rekja til franskra og enskra frímúrarastúkna og var notuð við bróðurmáltíðirnar. Að drekka skál upp á franskan máta nefnist „fue“ eða fýri, eldur. Að skála var því táknræn athöfn, glasið var því byssan og vínið púðrið. Að fylla glasið var hleðslan, að drekka innihaldið var skotið og skella glösinu á borðið var hvellurinn og það var til að undirstrika að byssan var tæmd. Í þýskum stúkum er þessi táknræna athöfn útfærð enn betur með handahreyfingum.

Elsta tilvitnun um frímúrara sem fundist hefur hér á landi er frá byrjun 19. aldar.

Þess er getið í gömlum réttarskjöllum frá 1810, að maður nokkur var ákærður fyrir að hafa barið konu sína í höfuðið með frímúraraglasi.



Í gamla daga voru glösin stundum brotin þegar bú-ið var að drekka úr þeim hátíðlega skál, til þess að vanhelga þau ekki. Seinna þótti nægja að slá þeim fast í borðið. Til er frásögn af Óskari konungi II frá 1882 þar sem hann sótti fund St. Jóh.st. Leoparden í Osló. Hann flutti ávarp við bróðurmáltíðina þar sem hann lofaði því að Norðmenn eignuðust sína eigin sjálfstæðu Reglu. Til að standa við loforðið braut hann fótinn af glasi sínu, gamlar frásagnir segja að ef loforð er gefið með skál og glasið er brotið er ekki hægt að svíkja loforðið.



Frímúraraglas br. Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra. Hann gekk í Z.&F. 1909 og var einn af stofnendum St. Jóh.st. Eddu. Glasið er frá 1920.



Frímúraraglas frá St. And.st. Cubus Causa Vera í Kaupmannahöfn. Þetta glas er meira í ætt við staup en þó með verklegum botni.



Frá Minjasafni Reglunnar

Jón Þór Hannesson  
Minjavörður





# Neutral



Ikke tilsat parfume,  
optisk hvidt  
og farvestoffer

DEKL.  
MED AF



En holdning til følsom hud

# Neutral<sup>®</sup>



Ikke tilsat parfume,  
optisk hvidt  
og farvestoffer



DEKLARERET I SAMARBEJDE  
MED ASTMA ALLERGI FORBUNDET



En holdning til følsom hud



## Neutral

skyllemiddel



Ikke tilsat parfume  
og farvestoffer

4 x koncentreret



En holdning til følsom hud

# Veidi

## Ekki bara fyrir konur



VEIÐIHORNIÐ

*Munið vinsælu gjafabréfin okkar*

Veidihornið – Síðumúla 8 – 108 Reykjavík – 568 8410

veidihornid.is